

Kennsluáætlun

Skólaár: 2020

Kennari/ar: Kristín Pétursdóttir

Árgangur: 8. bekkur

Önn: Vorönn

Námsgrein: Danska

Fjöldi kennslustunda á viku: 2 klst.

Vika/lota	Hæfniviðmið	Námsmarkmið	Viðfangsefni	Námsmat
Lota 1 7 vikur	<p>Lesskilningur: Getur lesið og skilið aðalatriði í stuttum einföldum textum um efni sem tengist þekktum aðstæðum og þýtt ákveðnar upplýsingar úr þeim</p> <p>Ritun: Getur sýnt fram á nokkuð góð tók á meginreglum og hefðum málnotkunar eins og boðhætti sagna og eintölu og fleirtölu nafnorða. Getur einnig áttað sig á samheiti danskra og íslenskra orða.</p>	Auka lesskilning nemenda á danskri tungu, þjálfar lestur málsins, tækni við ritun og hlustunartækni, læra um boðhátt sagna og fleirtölu nafnorða.	Fritími og áhugamál, boðháttur sagna og fleirtala nafnorða. Unnið er með námsbækur, beina kennslu, innlagnir, utanbókarlærdóm, málfræðiverkefni, leiki, spjaldtölvuverkefni, teikni-öpp, einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.	Könnun úr lotunni (les- og vinnubók)
Lota 2 1 vika	Engin hæfni er metin sérstaklega í þessari lotu en hún er hugsuð sem undirbúningur fyrir tjáningu og hlustun síðar á önninni.	Hlusta á talað mál með því að horfa á danska kvikmynd og átta sig á menningu Dana út frá myndinni.	Dönsk kvikmynd, nemendur horfa á kvikmynd, hlusta á danskt tal og lesa textann. Þeir nýta sér ritun á spjaldtölvu og æfa framburðaræfingar.	Ekkert námsmat í þessari lotu

<p>Lota 3 7 vikur</p>	<p>Lesskilningur: Getur lesið og skilið megininntak í texta sem tengist fermingu. Skilur og getur áttað sig á lykilatriðum í texta sem ekki hefur verið lesinn áður.</p> <p>Ritun: Getur sýnt fram á nokkuð góð tök á meginreglum og hefðum málnotkunar sem tengist persónufornöfnum og tímaákvörðunum. Getur áttað sig á samhengi í texta og parað saman andheiti nokkurra orða sem unnið hefur verið með.</p> <p>Ritun: Þekkir og getur skrifað fyrstu 30 óreglulegu sagnirnar.</p>	<p>Auka lesskilning, þjálfalestur, ritunareiginleika og hlustun tengda unglingsárunum og fermingunni, læra hvernig nútíð, þátíð og lýsingarháttur þátíðar óreglulegra sagna virkar.</p>	<p>Unglingsárin, ferming, tímaákvörðanir, persónufornöfn og fermingarverkefni. Unnið með óreglulegar sagnir. Unnið í námsbókum, á Showbie, í ýmsum öppum við vinnslu á myndasögum, hlustað á dönsk lög og unnið með þau, ritun þjálfuð með aðstoð netorðabóka, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Bein kennsla, innlagnir og utanbókarlærdómur.</p>	<p>Könnun úr lotunni (les- og vinnubók)</p> <p>Nemendur sýna svo færni sína í óreglulegum sögnum á stuttum 10 mín. æfingu/prófum.</p>
<p>Lota 4 1-2 vikur</p>	<p>Ritun: Getur skrifað stuttan texta frá eigin brjósti sem tengist honum persónulega og getur stafsett felst orðin rétt.</p>	<p>Að nemendur geti komið frá sér frumlegum texta um ferminguna sína, nýtt sér orðabækur á netinu sér til</p>	<p>Þeirra eigin ferming. Unnið með allt sem tengist fermingunni og undirbúningi hennar. Samanburður ferminga í</p>	<p>Skila af sér Keynote kynningu.</p>

	<p>Námshæfni: Getur nýtt sér hjálpartæki s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn og leiðréttinarforrit.</p> <p>Námshæfni: Getur farið eftir þeim fyrirmælum sem liggja fyrir og lagt mat á að verkefnið sé vel af hendi leyst, frumlegt og snyrtilegt.</p>	<p>aðstoðar til að geta stafsett sem flest orð rétt.</p> <p>Nemendur eiga að sýna fram á að þeir geti lesið fyrirmæli verkefna og komið þeim snyrtilega frá sér.</p>	<p>Danmörku og á Íslandi skoðaður.</p>	
Í lok annar	<p>Hlustun: Getur fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnulegt efni og notað upplýsingarnar til að fá niðurstöðu.</p> <p>Ritun: Getur skrifað einfaldan 50 – 60 orða texta í formi skilaboða til vina sinna.</p> <p>Námshæfni: Getur borið ábyrgð á og sýnt góða hegðun og virðingu gagnvart öðrum í kennslustund. Getur borið ábyrgð á og staðið í skilum á verkefnum og heimavinnu á réttum tíma og</p>	<p>Stefnt er að því að nemendur geti skilið upplesinn danskan texta þar sem æfingar í slíku hafa átt sér stað alla önnina.</p> <p>Þá eiga nemendur að nýta sér þá færni sem þeir hafa lært til að skrifa texta út frá efni sem þeir þekkja, nýta sér þá málfræði sem þeir hafa lært og nota netorðabækur sér til aðstoðar.</p>	<p>Hlustun, ritun og námshæfni nemandans eru hér lögð til grundvallar.</p>	<p>Hustunar- og ritunarverkefni lögð til grundvallar.</p> <p>Skoðuð er námshæfni nemandans yfir alla önnina.</p>

	<p>af vandvirkni. Getur sýnt fram á góða virkni á námi sínu og ábyrgð í kennslustundum.</p> <p>Samskipti yfir veturinn: Kann að beita algengustu kurteisisvenjum og kemur fram við kennara og skólasystkini sín af virðingu.</p>	<p>Nemendur skili þeirri vinnu sem ætlast er til af þeim á réttum tíma, séu virkir í tímum og beri ábyrgð á hegðun sinni og samskiptum.</p>		
<p>Aukalota 1-2 vikur ef tími gefst til</p>	<p>Lesskilningur: Getur lesið sér til gagns og gaman stutta einfalda bók sem ætluð er börnum og unglingum og áttað sig á aðalatriðum í henni (lestur og spurningar).</p> <p>Menningarlæsi: Getur sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi bókar sem lesin er í tíma.</p> <p>Frásögn: Getur í einföldu máli sagt stuttlega frá</p>	<p>Geta lesið og áttað sig á innihaldi stuttrar léttlestrarbókar, þekkja einkenni slíkrar bókar og geta sagt stuttlega frá ákv. atriðum úr henni með því að undirbúa sig fyrir slíkt.</p>	<p>Léttlestrarbók</p>	<p>Tal/frásögn sem undirbúin er heima og spurningar út bókinni sem unnar eru í skólanum.</p>

	atburðum í skáldsögu sem lesin hefur verið.			
--	---	--	--	--

Námsaðlögun: